



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 21. mars 2024

Efni: Könnun á kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2023.

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Reglugerðir eru settar árlega um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á innleiðingarárum laganna og á grunni þessara reglugerða hefur fjárframlagi verið úthlutað til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Fjármagninu er ætlað að mæta umframkostnaði sveitarfélaga við innleiðingu laganna en kostnaðurinn liggur fyrst og fremst í ákvæðum laganna um tengiliði og málstjóra. Framlaginu er ekki ætlað að mæta kostnaði við úrræði sem sveitarfélögin starfrækja nú þegar á grundvelli annarra laga. Þegar lögin voru samþykkt var samhliða bætt við bráðabirgðaákvæði (XXV) í tekjustofnalögum sveitarfélaga sem kveður á um árlegt framlag að fjárhæð 1.100 m.kr. fyrir árin 2022-2024. Framlögin stoppa ekki eftir 2024 heldur er gert ráð fyrir að þá fari endurmat fram og síðan verður árlegur raunkostnaður sveitarfélaga vegna verkefnisins metin.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sendi Jöfnunarsjóður sveitarfélaga könnun til Kópavogsbæjar. Könnun þessi snýr að söfnun upplýsinga um kostnað sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna árið 2023. Kópavogsbær fékk 110.794.767kr. í framlög á árinu 2023.

Gert er ráð fyrir í lögum og í greinagerð um 27. gr. laga nr. 151/2021 að stjórnvöld geri reglulegt árangursmat í þeim tilgangi að endurmeta fjármagnspörf verkefnisins í lok innleiðingartímabilsins árið 2024 og verða gögnin unnin og nýtt af mennta- og barnamálaráðuneytinu í þeim tilgangi.

Í fylgiskjali 1 eru svör Kópavogsbæjar sem mennta- og velferðarsvið svaraði í sameiningu.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs